



Borgarráð

Tillaga um samþykkt viðauka við samninga við viðskiptavaka skuldabréfaflokka Reykjavíkurborgar um viðskiptavakt og fyrirgreiðslu vegna viðskiptavaktar

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi drög að viðauka við samning um viðskiptavakt á eftirmarkaði með skuldabréf Reykjavíkurborgar og drög að viðauka við samning um fyrirgreiðslu vegna samnings um viðskiptavakt. Reykjavíkurborg mun gera samhljóða samninga við Arion banka, Íslandsbanka, Kvikubanka og Landsbankann sem gildir fram að næstu endurnýjun samninga um viðskiptavakt en gildistími núverandi samninga er til 31. mars 2025.

Greinargerð

Á fundi borgarráðs 29. febrúar 2024 var samþykkt heimild til handa fjármála- og áhættustýringarsviði til að gefa út nýjan langan verðtryggðan skuldabréfaflokk. Nýr flokkur, RVK 44 1, var boðinn til sölu 18. september sl. og í kjölfarið tekinn til viðskipta í kauphöll þann 25. september. Reykjavíkurborg er með sjö skráða skuldabréfaflokka í kauphöll, þar af eru fjórir með viðskiptavakt. Samningar um viðskiptavakt hafa þann tilgang að auka markaðshæfi skuldabréfa og hafa verið gerðir við fjóra viðskiptavaka undanfarin ár. Við síðustu endurnýjun viðskiptavakasamninga var fyrirséð að nýr skuldabréfaflokkur gæti verið gefinn út á samningstímabilinu. Við þá endurnýjun var því gert ráð fyrir að nýr flokkur yrði, eftir samtal við viðskiptavaka og gerð viðauka, færður inn í viðskiptavakt við fyrsta útboð eftir að nafnverð útgáfu hefði náð 6.000 m.kr.

Hér er því verið að leggja til að borgarráð samþykki viðauka við viðskiptavakasamning og viðauka við samning um fyrirgreiðslu vegna viðskiptavaktar.

Meginatriði í viðaukum:

- Nýr flokkur RVK 44 1 kemur inn í viðskiptavakt, sjá nánar um verðbil og umfang vaktar í neðangreindri töflu.
- Þóknun til viðskiptavaka vegna viðauka við samning um viðskiptavakt hækkar um 2 m.kr. Þóknun vegna viðskiptavaktar á ársgrundvelli á því samningstímabili sem lýkur 31. mars 2025 er 59 m.kr. og verður því samtals 61 m.kr. verði tillagan samþykkt. Þóknunin skiptist jafnt milli fjögurra viðskiptavaka og greiðist tvisvar á ári.
- Við næsta skuldabréfaútboð í RVK 44 1 mun Reykjavíkurborgar gefa út 800 m.kr. að nafnverði til að mæta óskum um fyrirgreiðslu (verðbréfalán) til viðskiptavaka.



Í eftirfarandi töflu má sjá samantekt á helstu atriðum á skyldum hvers hinna fjögurra viðskiptavaka í viðskiptavakasamningi og samningi um fyrirgreiðslu fyrir hvern viðskiptavaka. Viðbætur samkvæmt viðaukum eru feitletraðar í töflu:

Umfang viðskiptavaktar með bréf Reykjavíkurborgar með viðaukum

Viðskiptavaktin, nafnverð	Gildir til 31.3 2025
RVK 32 1	20.000.000
RVKN 35 1	25.000.000
RVK 53 1	10.000.000
RVKG 48 1	15.000.000
RVK 44 1	10.000.000

Hámarksviðskipti á dag	Gildir til 31.3 2025
Samtals að nafnvirði	180.000.000

Fyrirgreiðsla	Gildir til 31.3 2025
RVK 32 1	240.000.000
RVKN 35 1	240.000.000
RVK 53 1	200.000.000
RVKG 48 1	200.000.000
RVK 44 1	200.000.000

Hámarksverðbil kaup/sölutilboð	Gildir til 31.3 2025
RVK 32 1	1,0%
RVKN 35 1	1,0%
RVK 53 1	1,5%
RVKG 48 1	1,5%
RVK 44 1	1,5%

Þóknun og vaxtafrádrag	Gildir til 31.3 2025
Samtals í samningi	14.750.000 kr
Vaxtafrádrag	1,25%
Umsýslukostnaður	20.000
Vegna RVK 44 1	500.000 kr

Einar Þorsteinsson,
borgarstjóri

Hjálagt:

- Viðauki við samning um viðskiptavakt RVK – Drög til samþykktar í borgarráði
- Viðauki við samning um fyrirgreiðslu vegna viðskiptavaktar RVK – Drög til samþykktar í borgarráði

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 og XXXXXXXX, kt. XXXXXXXX, gera nú með sér svofelldan

viðauka

við samning um viðskiptavakt á eftirmarkaði með skuldabréf Reykjavíkurborgar sem upphaflega var milli Reykjavíkurborgar og XXXXXXXXXXXX og dagsettur er 21. mars 2024.

Í samningnum frá xx. mars 2024 var í 2. gr. vísað í nýjan skuldbréfaflokk sem útgefandi áformaði að gefa út á árinu og setja í viðskiptavakt við fyrsta útboð eftir að nafnverð útgáfu næmi 6.000 m.kr. Aðilar eru sammála um að gera eftirfarandi breytingar á samningnum:

1.gr.

Í 2.gr. bætist við skuldbréfaflokkur RVK 44 1, sem vísað er til sem nýs flokks, og verður tafla í 2. mgr. 2.gr nú:

Skuldabréfaflokkur	Tilboðsskylda að nafnverði	Hámarksverðbil kaup- og sölutilboða
RVKN 35 1	25 m.kr.	1,0%
RVK 32 1	20 m.kr.	1,0%
RVKG 48 1	15 m.kr.	1,5%
RVK 53 1	10 m.kr.	1,5%
RVK 44 1	10 m.kr.	1,5%

2. gr.

Reykjavíkurborg getur skv. 4. másl. 1. mgr. 4. gr. samningsins óskað eftir að viðskiptavakt hefjist með nýjan flokk á samningstímabilinu en þá er gerð krafa um viðauka vegna þóknunar. Við 4. gr. bætist því ný málsgrein, sem verður 3. mgr. og hljóðar svo: „Nýr skuldabréfaflokkur RVK 44 1 bætist við viðskiptavakt frá 28. janúar 2025. Greiðir útgefandi 1.000.000 króna fyrir hvern heilan mánuð sem viðskiptavakt er virk til loka samningstímans. Þóknun skiptist jafnt milli viðskiptavaka eftir fjölda þeirra.“

3. gr.

Gildistími viðauka þessa er frá 28. janúar 2025, til 31. mars 2025.

F.h. Reykjavíkurborgar
Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri

F.h. xxx hf.

Viðauki þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem viðaukinn gerir ráð fyrir.

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 og XXXXXXXX kt. XXXXXXXX, gera nú með sér svofelldan

viðauka

við samning um fyrirgreiðslu Reykjavíkurborgar til viðskiptavaka skuldabréfa sem upphaflega var milli Reykjavíkurborgar og XXXXXXXXXXXX og dagsettur er 21. mars 2024.

1. gr.

Í dag gerðu aðilar viðaukasamning við samning um viðskiptavakt á eftirmarkaði í kauphöll, frá xx. mars 2024, þar sem bætt var við einum flokki skuldabréfa, RVK 44 1. Í ljósi þess eru aðilar sammála um að gera eftirfarandi breytingar á samningi um fyrirgreiðslu vegna viðskiptavaktar frá xx. mars 2024:

Í upptalningu í 1. málsl., 1.mgr., 1.gr. bætist „RVK 44 1“ við flokka er undir samninginn heyra.

Í fyrri upptalningu 2. málsl., 1.mgr., 1.gr., bætist „RVK 44 1“ við flokka sem heyra undir lánsbréf að hámarki 200.000.000.

2. gr.

Gildistími viðauka þessa er frá fyrsta viðskiptadegi, 28. janúar 2025, til 31. mars 2025.

F.h. Reykjavíkurborgar
Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri

F.h. xxx hf.

Viðauki þessi er undirritaður með fullgildri rafrænni undirskrift í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti og reglugerð (ESB) 910/2014 um sama efni. Með undirritun ábyrgjast viðkomandi einstaklingar jafnframt að þeir hafi umboð til að skuldbinda aðila, með þeim hætti sem viðaukinn gerir ráð fyrir.